

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2023-2024 - flutt á ársþingi Kraftlyftingasambands Íslands

9. mars 2024.

**Þingforseti,
ágætu þingfulltrúar.**

Síðasta starfsár hefur að sönnu verið mjög viðburðaríkt en óhætt er að segja að uppúr standi í hversu mikilli sókn kraftlyftingar eru á öllum vígstöðvum. Þess má m.a. sjá glögg merki í fjölgun iðkenda, þátttöku í mótum og þátttöku í landsliðsverkefnum og á það við um alla aldursflokka.

Kraftlyftingahreyfingin er að miklu leyti borin uppi af sjálfbærliðastarfi og við höfum átt því láni að fagna að fjölmargt öflugt fólk hefur verið tilbúið til að leggja sitt lóð á vogarskálarnar í starfinu. Öðruvísi gengi þetta ekki upp og fyrir það erum við afar þakklát.

Hjá KRAFT eru tveir launaðir starfsmenn, Lára og Auðunn. Við viljum þakka þeim sérstaklega vel fyrir þeirra óeigingjörnu störf. Reynsla þeirra, dugnaður og ástríða fyrir íþróttinni eru okkur ómetanleg kjölfesta í starfinu.

Stjórnarmönnum vil ég þakka fyrir afar ánægjulegt og gott samstarf. Sem formaður á fyrsta ári í því embætti vil ég segja að það hefur verið ómetanlegt að hafa allt þetta öfluga og jákvæða fólk í stjórninni. Starfið er ekki alltaf þakklátt en ég get fullvissað ykkur um að árangurinn og ánægjan sem við uppskerum er svo sannarlega þess virði.

Formönnum nefnda og öðrum nefndarmönnum eru þökkun þeirra góðu störf og fyrir stjórnina er svo sannarlega gott að eiga það fólk sem hauka í horni.

Sérstakar þakkir fá fyrrum formenn KRAFT þau Gry Ek Gunnarsson og Sigurjón Pétursson sem alltaf eru boðin og búin til að veita alla aðstoð sem þau geta.

Samstarfið við ÍSÍ og Afrekssjóð hefur verið afskaplega gott og farsælt og vill stjórn KRAFT þakka þeim kærlega fyrir góð og árangursrík samskipti á árinu. Einnig vill stjórn KRAFT færa samskiptaráðgjöfum íþrótta- og æskulýðsvettvangs kærar þakkir fyrir samstarfið á árinu.

Við viljum einnig þakka aðildarfélögum KRAFT og öðrum sem að starfinu hafa komið fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Í september sl. hélt Massi V-Evrópumótið í íþróttahúsinu í Njarðvík. Það tókst afar vel og vill stjórn KRAFT þakka forsvarsmönnum Massa sérstaklega vel fyrir þá miklu vinnu sem þau lögðu á sig við mótahaldið. Er á engan hallað þó ég nefni hér sérstaklega Ellert Björn Ómarsson og Gullu Olsen í þeim efnum en þau stóðu sig framúrskarandi vel í umsjón verkefnisins. Ljóst er af viðbrögðum EPF að mikil ánægja var með mótahaldið.

Þau stórtíðindi urðu svo á miðju ári að Ísland sótti um að halda HM í opnum flokki í kraftlyftingum í búnaði sem fram fer í nóvember á þessu ári. Indland hafði verið samþykkt sem mótshaldari en einhver vafi var um hvort þeir hefðu burði til að halda mótið með fullnægjandi hætti. Stjórn IPF samþykkti að Ísland yrði mótshaldari og mun mótið fara fram í íþróttahúsinu í Njarðvík. Nánar um það síðar í þessari skýrslu.

Allir þessir öflugu aðilar sem að ofan eru nefndir hafa lagst á árarar og hefur það leitt til mikilla og góðra framfara í starfinu. Mun ég nú flytja ykkur helstu tíðindi af liðnu starfsári.

Mannauður og skrifstofa

Stjórn KRAFT var þannig skipuð á liðnu starfsári:

Hinrik Pálsson, formaður

Pórunn Brynja Jónasdóttir, varaformaður

Laufey Agnarsdóttir, ritari

Aron Ingi Gautason, gjaldkeri

Auðunn Jónsson, María Guðsteinsdóttir og Kristleifur Andrésón meðstjórnendur.

Þrjú stjórnarmenn ganga úr stjórn nú að loknu tveggja ára kjörtímabili, þau Aron, Laufey og Pórunn. Þau hafa öll gefið kost á sér til endurkjörs. Hinrik hefur gefið kost á sér til áframhaldandi formennsku.

Sambandið hefur skrifstofu í íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Lára Bogey hefur fasta viðveru á skrifstofu sambandsins a.m.k. einu sinni í viku eða eftir nánari samkomulagi. Auðunn sinnir starfi íþróttastjóra sambandsins. Magnús Magnússon hefur séð um færslu bókhalds og gerð ársreiknings. Við viljum þakka þeim kærlega fyrir vel unnin störf.

Eftirfarandi nefndir hafa verið starfandi á starfsárinu:

Formenn nefnda voru kosnir til tveggja ára árið 2022 og verður því kosið um formenn nefnda á þinginu.

Dómaranefnd: Daníel Geir Einarsson formaður, Helgi Hauksson, Laufey Agnarsdóttir og Aron Ingi Gautason.

Laganefnd: Pórunn Vilbergsdóttir formaður og Sigurjón Pétursson.

Mótanefnd: Ellert B. Ómarsson formaður, Pórunn Brynja Jónasdóttir og Þorbjörg Matthíasdóttir.

Landsliðsnefnd: Róbert Kjaran formaður, Auðunn Jónsson og Helgi Hauksson.

Heiðursmerkjanefnd: Gry Ek, Auðunn Jónsson og Guðjón Hafliðason.

Samkvæmt skilakerfi ÍSÍ (Sportabler) voru skráðir félagar í KRAFT samtals 1243. Eftir innleiðingu Sportabler kerfisins hefur KRAFT ekki jafn góða yfirsýn yfir skráðan fjölda iðkenda og áður en það stendur vonandi til bóta á komandi misserum. Í burðarliðnum er stofnun lyftingadeildar hjá Hamri í Hveragerði og munu kraftlyftingar þar vonandi ná að skjóta góðum rótum.

Aðstöðumál

Sem fyrr eru bætt aðstöðumál eitt af þeim stóru verkefnum sem hreyfingin stendur frammi fyrir. Nokkuð hefur þokast í þeim efnum hjá nokkrum félögum, t.d. Stjórnunni, Breiðablik, Massa og fyrirhugað að KA komist í betri aðstöðu á næstu misserum. Ástandið er einna verst í Reykjavík þar sem Ármann mátti löngum stundum búa við mjög erfið skilyrði. Aðeins hefur ræst úr því núna á árinu er félagið fékk nýja aðstöðu í kjallara Laugardalslaugar. Við hvetjum því sveitarfélögin enn og aftur að hlúa að aðstöðumálum félaganna og að mörgu leyti hefur sú aðstaða sem Stjarnan hefur fengið sett ný viðmið í þeim efnum.

Kraftlyftingarnar eiga enn ekki neinn þjóðarleikvang og við horfum m.a. björtum augum til uppbyggingar í Laugardal varðandi það.

Erlend samskipti og samstarf

Ísland á sem fyrr tvo fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í alþjóðlegum samböndum á vettvangi kraftlyftinga. Sigurjón Pétursson var endurkjörinn varaforseti IPF á liðnu ári til næstu fjögurra ára. Gry EK situr áfram í stjórn NPF og er vefstjóri heimasíðunnar.

Þing EPF var haldið í Danmörku í maí sl. og sat Auðunn Jónsson þingið fyrir hönd Íslands. Þing EPF verður framvegis haldið samhliða EM í klassískum kraftlyftingum en var áður haldið samhliða EM í kraftlyftingum í búnaði.

Þing IPF var haldið samhliða HM í klassískum kraftlyftingum á Möltu í júní sl. Hinrik Pálsson og Helgi Hauksson sóttu þingið fyrir hönd Íslands.

Þing NPF var haldið í Lilleström í Noregi í september sl. samhliða NM unglunga. Hinrik Pálsson og nokkrir aðrir stjórnarmenn sóttu þingið fyrir hönd Íslands. Ánægjulegt var að sjá frændur okkar Færeyinga senda keppendur til leiks í fyrsta sinn og fögnum við mjög innkomu þeirra á alþjóðavettvanginn.

Samstarf Norðurlandanna hefur verið með miklum ágætum og mikill gagnkvæmur stuðningur hefur verið í ýmsum málum. Eitt af þeim málum sem Norðurlöndin hafa beitt sér fyrir er að reyna að snúa þeirri ákvörðun IPF og EPF að hætta að taka við heims- og Evrópumetum frá NM unglunga og verður tillaga um það efni lögð fram á þingi EPF nú í mars í Króatíu. IPF hafnaði því miður beiðni NPF um að taka við heimsmetum frá NM unglunga. Er sú ákvörðun vonbrigði þar sem það hefur verið metnaðarmál að hafa mótahaldið samkvæmt stífustu gæðareglum. Að lokum má nefna að Norðurlöndin vinna nú í samstarfi að því að setja upp þjálfaranámskeið þar sem fókusinn er á þjálfun í mótum og á keppnisdag. Auðunn Jónsson er fulltrúi okkar í þeirri vinnu.

Forseti IPF, Gaston Parage, kom til landsins í tengslum við Reykjavíkurlaikana í janúar sl. Var tækifærið notað til að undirrita formlega samning IPF og KRAFT um HM í búnaðarkraftlyftingum síðar á þessu ári. Einnig funduðum við með honum og fulltrúum ÍSÍ, fulltrúum Íþróttasambands fatlaðra og bæjarstjóra Reykjanesbæjar. Voru það mjög árangursríkir og ánægjulegir fundir.

Samstarfið við Íþróttasamband fatlaðra hefur gengið með ágætum og fór einn keppandi á þeirra vegum til Litháen og keppti í kraftlyftingum í tengslum við HM í nóvember sl. KRAFT mun sjá um mótahald í tengslum við Íslandsmót fatlaðra í apríl nk. og vonumst við eftir góðri þátttöku í því móti. Lára Bogey hefur að mestu séð um tengiliðastarfið við ÍF og hefur sinnt því af miklum áhuga og fagmennsku.

IPF hefur hvatt KRAFT til að gefa háskólaíþróttum meiri gaum. Samstarf er á milli IPF og FISU, alþjóðlegs íþróttasambands háskóla. Það háir okkur nokkuð að enginn háskólanna á Íslandi eða samtök þeirra eru aðilar að FISU en þetta er eitthvað sem við munum reyna að þoka áfram á næstu misserum. Samstarfið við FISU er mikilvægt m.a. að því leyti að það er einn af þeim hornsteinum sem þarf að vera til staðar til að þoka kraftlyftingum nær því að verða ólympíuþrótt.

Lög og reglugerðir

Engar tillögur verða lagðar fram að lagabreytingum á þinginu í þetta sinn.

Í kjölfar formannafundar í nóvember hélt stjórn KRAFT vinnudag þar sem farið var yfir flestar reglur og reglugerðir sambandsins og þær uppfærðar eftir því sem þurfa þótti. Í flestum tilfellum var um smávægilegar breytingar og samræmingar að ræða en reglugerðir og reglur sambandsins eru aðgengilega á heimasíðu KRAFT.

Keppnisreglur IPF tóku smávægilegum breytingum um áramótin og sem fyrr hefur Helgi Hauksson haft vanda að því að þýða reglurnar yfir á íslensku. Kunnum við honum bestu þakki fyrir.

Mótamál

Mikill kraftur var í mótamálum á liðnu ári og óhætt að segja að metfjöldi skráninga hafi borist á mörg mót. Það er afar jákvætt en gerir mótahaldið að sama skapi meira krefjandi. Þegar kemur að aðstöðumálum félaga til að halda mót þá eru þau mjög misjöfn og hjá mörgum félögum er staðan þannig að þau geta ekki haldið mót í eigin aðstöðu.

Mótanefnd í samstarfi við stjórn og starfsmenn KRAFT náði þó að láta málin ganga upp og ekki þurfti að fella niður mót þó að óþægilega tæpt stæði á köflum. Stór mót krefjast fleiri starfsmanna, dómara o.s.frv. og mikil vinna fer í skipulagningu. Það ríður því mjög á að félögin séu dugleg við að senda ekki bara keppendur, heldur einnig leggi til starfsmenn, dómara o.s.frv. Stærð mótanna er á köflum slík að einstök félög hafa vart burði til að halda þau á eigin vélarafli. Þetta er því samvinnuverkefni okkar allra að láta hlutina ganga upp.

Fyrir árið 2024 þurfti að gera miklar breytingar á mótaskrá þar sem EPF færði EM í klassískum kraftlyftingum frá nóvember/desember til mars. Einnig þurfti að taka tillit til þess að Ísland heldur HM í búnaði í nóvember nk. Það var því nokkuð þúsluspil að láta mótaskrána ganga upp en við teljum að niðurstaðan sé nokkuð ásættanleg.

Stjórn KRAFT gerði þá breytingu á að fleiri mót eru nú aldursflokkskipt en áður. Er það bæði til að koma til móts við aukinn fjölda keppenda í unglinga- og öldungaflokkum en einnig er það von okkar að það jafni aðeins út keppendafjöldann á milli móta.

Alþjóðleg mót á Íslandi

Sem fyrr segir var V-Evrópumótið haldið í Njarðvík í september sl. og tókst það mótahald með ágætum. Er óhætt að segja að þar hafi byggst upp mjög góð reynsla í alþjóðlegu mótahaldi.

Eftir að umsókn Íslands um að halda HM í kraftlyftingum í búnaði var samþykkt voru helstu kostir skoðaðir varðandi staðsetningu innanlands. Að þeirri skoðun lokinni stóð einn kostur uppúr. Réði þar miklu áhugi og reynsla forsvarsmanna Massa ásamt rausnarlegum stuðningi Reykjanesbæjar í því að láta af hendi aðstöðu fyrir mótið. Var því ákveðið að HM skyldi haldið þar.

Mikil undirbúningsvinna hefur verið unnin af hálfu forsvarsmanna Massa í samstarfi við stjórn KRAFT í málinu. Fjórir fulltrúar frá Massa fóru með íslenska hópnum á HM í búnaði í Litháen í nóvember sl. til undirbúnings og fundarhalda með fulltrúum IPF. Sú ferð var mjög lærdómsrík. Fulltrúar IPF komu í tæknilega úttekt í janúar sl. og óhætt að segja að þeir hafi verið mjög ánægðir með vinnuna af hálfu Íslands í málinu.

Ljóst er að um er að ræða risavaxið verkefni enda er HM að þessu sinni einnig úrtökumót fyrir heimsleikana (World games) sem verða haldnir í Kína á næsta ári. Við eigum von á um 300 keppendum og a.m.k. öðrum eins fjölda af aðstoðarmönnum og öðru fylgdarliði. Við munum á komandi mánuðum leita til félaganna innan KRAFT eftir sjálfbærliðum til að hjálpa til við mótahaldið og vonum að því verði vel tekið, enda ekki á hverjum degi sem HM er haldið á Íslandi. Margir munu eflaust anda léttar við það að vita að IPF mun koma með stangarmannateymi til landsins en nóg verður af verkefnum samt. Það er einlæg von okkar að vel takist til við mótahaldið og það megi verða okkur mikil lyftistöng í starfinu á komandi tímum. Það er ljóst að Ísland er komið kyrfilega á kortið alþjóðlega í heimi kraftlyftinganna og að við njótum mikils trausts og velvilja af hálfu alþjóðasambandanna í hreyfingunni.

Kraftlyftingakeppni Reykjavíkurleikanna var haldin í lok janúar sl. og fór keppnin vel fram og var hin besta skemmtun. Upphafleg stefna um samsetningu keppenda á því móti, þ.e. að það væru fimm keppendur karla og kvenna frá Íslandi og jafn margir erlendir keppendur til á móti á mjög undir högg að sækja. Afar erfitt er orðið að fá erlenda keppendur til að koma til landsins á eigin kostnað til að taka þátt. Sýndi það sig að þessu sinni þar sem ekki tókst að fá neinn erlendan keppanda til leiks.

Fyrir því virðast nokkrar ástæður. Ein þeirra er að EPF og IPF taka ekki lengur við heims- og Evrópumetum frá mótinu. Önnur ástæða er að ýmsum boðsmótum þar sem mikið púður er lagt í mótahaldið og jafnvel peningarverðlaun í boði fyrir efstu sæti hefur fjölgað og eins er tímasetning RIG mjög óheppileg með tilliti til annarra móta. Eins má nefna að mótahaldið kostar gríðarlega vinnu af hálfu stjórnar þar sem flytja þarf allan búnað í Laugardalshöll og fá hann lánaðan frá ýmsum félögum á svæðinu. Endurspeglar það mjög aðstöðuleysið í Reykjavík og þörfina fyrir úrbætur þar á. Það verkefni bíður stjórnar á árinu að endurskoða fyrirkomulag mótsins og má segja að hugmyndir um mögulegar útfærslur séu velkomnar.

Norðurlandamót unglunga hefði með réttu átt að fara fram á Íslandi á þessu ári en í ljósi þess að Ísland hafði tekið að sér að halda HM í búnaði voru Danir svo vinsamlegir að skipta við okkur og halda NM unglunga í ár. NM unglunga verður svo á Íslandi haustið 2025.

Miðlar

Upplýsingamiðlun frá sambandinu er fyrst og fremst í gegnum heimasíðuna kraft.is en einnig birtir sambandið tilkynningar, myndefni o.fl. á samfélagsmiðlum. María hefur haft forystu um umsjón heimasíðunnar að mestu og Laufey hefur haldið um samfélagsmiðlana. Einnig höfum við eftir fremsta megni reynt að setja inn efni á samfélagsmiðlana frá mótum og keppnum hérlendis og erlendis.

Nokkuð hefur verið rætt um upplýsingamiðlun í tengslum við mót og fjölmiðlaumfjöllun. Þetta verkefni hefur fyrst og fremst verið á höndum stjórnarmanna sem jafnan eru í mörgum hlutverkum á sama tíma, sem dómarrar, þjálfar, mótshaldarar og jafnvel keppendur og allt í sjálfboðavinnu. Ljóst er að gera má betur og faglegar þegar kemur að ýmsu í þessum efnum. Fyrir stærri mót og landsliðsverkefni höfum við sent upplýsingar og fréttatilkynningar á alla fjölmiðla sem fjalla um íþróttir en mjög misjafnlega gengur að ná í gegn með umfjöllun. Oft höfum við náð ágætlega í gegn er til þess að svo megi verði þarf að matreiða fréttir, myndir o.s.frv. mjög vandlega fyrir fjölmiðlana og slíkt kostar mikla vinnu. Við munum halda áfram að skoða hvernig gera má betur í þessum efnum og ef einhver hefur brennandi áhuga á að bjóða sig fram til að leggjast á árarnar með okkur myndum við þigga það með þökkum.

Góð umfjöllun náðist í fjölmiðlum um mörg af þeim alþjóðlegu mótum þar sem okkar fólk gerði góða hluti, t.d. á Evrópumótum og HM. Er óhætt að segja að sú umfjöllun hafi verið afar jákvæð fyrir íþróttina enda fara þar fremst í flokki frábærar fyrirmyndir fyrir íþróttina. Á móti kom að því miður var nánast engin umfjöllun um V-Evrópumótið þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir okkar til að koma á framfæri fréttum og myndum þaðan. Virtist þar miklu ráða að allur fókus íþróttamiðlanna var á öðrum íþróttaviðburðum sem fram fóru á sama tíma.

Í tengslum við undirbúning fyrir HM í nóvember nk. hafa farið fram fundir með RÚV og skipulögð umfjöllun um mótið þannig að við höfum góðar vonir um árangur af því samstarfi.

Mjög vel hefur tekist með að streyma frá innanlandsmótum á youtube rás KRAFT. Því fylgir nokkur kostnaður en við lítum svo á að þar sé um góða fjárfestingu og auglýsingu að ræða. Birtingin margfaldast svo þegar keppendur birta myndbrot frá keppnum á sínum samfélagsmiðlum sem er frábær auglýsing fyrir sportið.

Fræðslumál og hæfileikamótun

Heilbrigðisteymi KRAFT er vel skipað og höfum við m.a. notið liðsinnis þeirra í fræðslumálum, bæði á fræðslufundum og við kennslu á þjálfaranámskeiðum. Einnig hefur lyfjaeftirlitið komið að fræðslu um lyfjamál. Nokkrir fræðslufundir voru haldnir á árinu, einkum í tengslum við landsliðsverkefni og voru þeir vel sóttir. Í lok janúar sl. var haldin fræðsla samhliða fundi með öllum þeim sem valdir hafa verið í landsliðsverkefni á árinu og var það afar vel heppnað. Landsliðsmenn fengu þar fræðslu um hugarþjálfun frá Ásdísi Hjálmsdóttur og mun það vonandi nýtast þeim vel til að ná sem bestum árangri.

Dómarapróf var haldið í febrúar sl. og útskrifuðust þar sex nýir dómara. Við fögnum því mjög að það fjölgi í hópi dómara enda mikil þörf á þeirra kröftum með auknum fjölda keppenda og umfangsmiklu mótahaldi.

Þórunn Brynja Jónasdóttir öðlaðist alþjóðleg dómararéttindi í september sl. og óskum við henni til hamingju með að hafa staðist prófið með glæsibrag.

Námskeiðið kraftlyftingapjálfari I hófst haustið 2022 og luku sex námskeiðinu og útskrifuðust sl. vor. Námskeiðahaldið hefur verið í höndum norska þjálfarans Marius Arnesen og er komin mjög góð reynsla á hans kennslu. Nýr hópur hóf svo nám sl. haust og mun útskrifast með vorinu. Efni námskeiðsins er það sama og norska kraftlyftingasambandið notar. Markmiðið er að sem flestir þjálfarar hjá félögum landsins hafi faglegan og góðan bakgrunn til að byggja á við þjálfunina en einnig er það metnaðarmál hjá sambandinu að þeir þjálfarar sem veljast í landsliðsverkefni hafi góða reynslu og þekkingu. Það fer saman við auknar kröfur alþjóðasambandanna til þeirra þjálfara sem koma á alþjóðleg mót. KRAFT hefur sent þjálfara á þjálfaranámskeið II hjá IPF á liðnu ári.

Segja má að hornsteinninn í hæfileikamótun í flokki unglinga og ungmenna sé undirbúningur og þátttaka í NM unglinga. Sá hópur hefur farið ört stækkandi undanfarin ár og er það stefna okkar að NM sé að jafnaði fyrsta alþjóðlega mótið sem keppendur í þessum aldursflokki taka þátt í. Í undirbúningnum fyrir mótið á síðasta ári voru haldnar samæfingar og fræðsla sem tókst mjög vel.

Landsliðs- og afreksmál

Umsjón landsliðs- og afreksmála er einkum á hendi stjórnar sambandsins og landsliðsnefndar. Auðunn Jónsson hefur starfað í 30% starfi hjá sambandinu en nýlega samþykkti stjórn KRAFT að hækka það í 50% í ljósi umfangs verkefna. Landsliðsreglur, ferðareglur og samningar voru uppfærðir árið 2022 og hafa gefið góða raun. Markmiðið er að auka fagmennsku og stuðning við þá sem taka þátt í landsliðsverkefnum eins og hægt er og að hlutverk allra séu sem skýrust.

Haldinn var fundur í janúar sl. þar sem boðið var öllum þeim sem valdir hafa verið í landsliðsverkefni á árinu og samningar undirritaðir. Mjög gaman var að sjá þann stóra og öflugan hóp saman kominn sem halda munu uppi merki Íslands í kraftlyftingum í alþjóðlegum mótum á árinu en mikil fjölgun er í öllum aldursflokkum á keppendum.

Í fyrra voru 69 skráningar af hálfu KRAFT á 11 alþjóðlegu mót, að RIG meðtöldu. Það sýnir svart á hvítu umfangið í landsliðsverkefnum sambandsins. Árangur keppenda var einstaklega góður, margir ungir og efnilegir keppendur eru að koma fram ásamt því að okkar fremsta afreksfólk í opnum flokki skilaði frábærum afrekum á stóra sviðinu. Þá má ekki gleyma hinu mikla og góða árangri í eldri aldursflokkum sem sýnir hversu breiða skírskotun íþróttin hefur til allra hópa.

Of langt mál væri að telja upp þau fjölmörgu verðlaun og titla sem keppendur náði en þó verður að minnast á nokkur afrek.

Sóley Margrét Jónsdóttir vann gull á EM og silfur á HM í kraftlyftingum í búnaði. Hún náði því einnig að komast inn á topp 10 í valinu á íþróttamanni ársins, sem er mikið afrek. Kristín Þórhallsdóttir vann silfur á HM og brons á EM í klassískum kraftlyftingum. Guðfinnur Snær Magnússon og Friðbjörn Bragi Hlynsson urðu V-Evrópumeistarar á heimavelli en Guðfinnur varð jafnframt stigahæstur karla í kraftlyftingum í búnaði. Fékk íslenska liðið einnig silfurverðlaun í liðakeppni karla á mótinu, bæði í búnaði og klassískum.

Það er sem fyrr líklega leitun meðal íslenskra íþróttasársambanda að öðrum eins árangri á alþjóðlegum vettvangi.

Kraftlyftingakarlar ársins var kosinn Alexander Örn Káráson, Breiðabliki.
Kraftlyftingakona ársins var kosin Sóley Margrét Jónsdóttir, Breiðabliki.
Stigahæsta liðið í karlaflokki var Breiðablik.
Stigahæsta liðið í kvennaflokki var Massi.

KRAFT og SBD hafa átt í viðræðum frá því að síðasta ári um að gera samning um landsliðsbúning og búnað fyrir landsliðsfólk. Við getum nú með ánægju tilkynnt að samningur milli KRAFT og SBD var undirritaður fyrr í vikunni og eru þetta mikil gleðitíðindi. Samningurinn felur m.a. í sér að SBD skaffar landsliðsbúninga (singlet, boli, hlífar, úlnliðsvafninga og sokka) fyrir keppendur í klassískum kraftlyftingum í yngri flokkum og opnum flokki sem keppa á EM og HM. KRAFT stefnir svo að því að kaupa landsliðsbúninga fyrir aðra aldursflokka og þá sem keppa í kraftlyftingum í búnaði þannig allir landsliðsmenn keppi í eins búningum. Einnig felur samningurinn í sér bónusgreiðslur í vissum tilvikum fyrir keppendur sem komast á verðlaunapall á HM og EM. Hönnun á landsliðsbúningnum er þegar hafin og stefnt er að því að hann verði tilbúinn til notkunar fyrir HM í klassískum kraftlyftingum í sumar.

Samhliða þessu standa yfir viðræðum KRAFT og SBD á Íslandi um gerð formlegs samnings um fatnað fyrir stangarmenn á meistaramótum innanlands og gjafabréfaverðlaun.

Það er mjög jákvæð þróun að okkur hafi í fyrsta sinn tekist að fá fastan styrktaraðila í samstarf og að keppendur okkar muni nú loksins klæðast singletum í íslensku litunum á EM og HM.

Nánari kynning á samningnum og útfærslu hans verður fljótlega. Við þykjumst vita að allir séu mjög spenntir fyrir því hvernig landsliðsgallinn mun líta út.

Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs - öruggt umhverfi í íþróttastarfi

Eins og í öllu starfi geta komið upp erfið og viðkvæm mál í íþróttastarfi. Eitt af höfuðmarkmiðum í íþróttastarfi er að tryggja iðkendum og öllum sem að starfinu koma öruggt umhverfi. Einnig er mikilvægt að tekið sé á málum og atvikum sem upp koma með faglegum hætti. Dæmi um mál sem upp geta komið eru einelti, áreitni, ofbeldi, slys, hamfarir, atvik í keppnisferðum o.s.frv.

Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs gegnir þar lykilhlutverki ásamt viðbragðáætlun sem sett var til að færa aðilum verkfæri og samræma vinnubrögð þegar mál koma upp. Stjórn KRAFT hefur átt mjög samstarf við samskiptaráðgjafa á árinu og það er óhætt að segja að ráðgjöf þeirra og aðstoð er ómetanleg þegar á þarf að halda.

Áherslur KRAFT eru ótvíræðar þessum málum. Markmið okkar er að tryggja öryggi iðkenda og að faglega sé tekið á málum sem upp koma. Einelti, áreitni, ofbeldi og önnur óæskileg

hegðun er ekki liðin. Til að undirstrika þær áherslur buðum við Kristínu Skjaldardóttur að koma með erindi hingað á þingið til að kynna þeirra starf.

Stjórn KRAFT hefur unnið eftir viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa eftir því sem við hefur átt. Fyrir þinginu liggur ályktunartillaga frá stjórn um að þingið samþykki að hreyfingin öll skuli starfa eftir viðbragðsáætluninni til að hnykkja á þeim áherslum sem þar koma fram. Við hvetjum ykkur eindregið til að veita því máli brautargengi.

Afrekssjóður og afreksstefna

Afreksstefna KRAFT var rædd á vinnufundi stjórnar í nóvember sl. Ekki þótti ástæða til að fara í breytingar á henni að svo komnu máli en stefnan gildir til 2025 og má finna á heimasíðu sambandsins. Það verður eitt af verkefnum ársins að gera nýja afreksstefnu til næstu ára.

Óhætt er að segja að mjög spennandi hlutir séu að gerast á vettvangi ÍSÍ í málefnum afreksíprótta með mótun nýrrar afreksstefnu til næstu 10 ára. KRAFT hefur verið virkur þátttakandi í því starfi sem snýr að sérsamböndum innan ÍSÍ og það er eitt af okkar mikilvægustu verkefnum til lengri tíma að styðja og taka þátt í þessari stefnumótun. Það er til marks um áherslur okkar að við fengum afreksstjóra ÍSÍ, Véstein Hafsteinsson, hingað til þings til að kynna helstu atriðin í þessari stefnu sem nú er að líta dagsins ljós. Við bindum miklar vonir við að framfylgd stefnunnar megi leiða til betra umhverfis faglega og fjárhagslega fyrir afreksfólk til að stunda sína íþrótt og ná eins langt og mögulegt er.

Helsta tekjuuppspretta í starfi KRAFT eru framlög frá Afrekssjóði. Sjóðurinn úthlutar fé sem eyrnamerkt eru tilteknum verkefnum og er það á okkar ábyrgð að nýta styrkinn sem best og hefur það tekist ágætlega á liðnu ári. Samstarfið við sjóðinn hefur verið mjög gott og breytingar á regluverki sjóðsins á síðasta ári voru KRAFT hagfelldar. Þar skiptir miklu máli hversu vel okkar afreksfólki hefur gengið alþjóðlega á undanförunum misserum. Aron Ingi Gautason gjaldkeri KRAFT mun gera nánari grein fyrir þessu í umfjöllun um ársreikning og fjárhagsáætlun sambandsins.

Þar með eru upp talin helstu tíðindi af starfinu á liðnu starfsári. Stjórn KRAFT vill aftur þakka öllum sem komu að starfinu á liðnu ári. Við óskum ykkur öllum heilsu, heilla og góðra bætinga á árinu!

9. mars 2024

F.h. stjórnar KRAFT

Hinrik Pálsson, formaður